Umhverfisstofnun
Environment Agency of Iceland
Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík
Tel: +354 591-2000
Fax: +354 591-2020
www.umhverfisstofnun.is
ust@umhverfisstofnun.is

Vesturbyggð
Ármann Halldórsson,
forstöðumaður tæknideildar
Aðalstræti 63
450 Patreksfjörður

UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 23. október 2012
Tilvísun: UST20121000023/bs

**Klif deiliskipulagsbreyting. Umsögn**

Vísað er til bréfs byggingarfulltrúa Vesturbyggðar dags. 2. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda breytingu á deiliskipulagi.

Breytingin felur í sér að bætt er inn slóða austan deiliskipulagssvæðisins þar sem fyrirhugað er að koma fyrir aðkomu að svæðinu á framkvæmdatíma snjóflóðavarnanna.
Slóðin verður um fjögurra metra breið meðan á framkvæmdum stendur. Að loknum framkvæmdum loknum verður slóðin grædd upp og nýtt sem útivistarstígur.

Umhverfisstofnun telur að leggja eigi áherslu á að fella fláa og skeringar, þar sem þær verða teknar að landi þannig að slóðin verði lögð eins lítt sýnileg og kostur er. Uppgræðsla slóðarinnar verði í sem mestu samræmi við ríkjandi gróðurfar.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við umrædda breytingu á deiliskipulagi.

Virðingarfyllst

Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
deildarstjóri

Björn Stefánsson
sérfræðingur